

## Eiríkur Rögnvaldsson

### Netsamband við söfn Orðabókar Háskólans

Orðabók Háskólans hefur nú sinnt söfnun og varðveislu íslensks orðaforða um hálftrar aldar skeið, en meginmarkmið stofnunarinnar er samning sögulegrar íslenskrar orðabókar. Í söfnum Orðabókarinnar er nú á þriðju milljón seðla með notkunardæmum úr prentuðum ritum, auk 200 þúsund seðla úr talmáli. Þessi söfn hafa vissulega nýst fræðimönnum og almenningi vel á liðnum árum, en nýtingu þeirra eru þó mikil takmörk sett. Notendur þurfa að koma á Orðabókina til að fletta upp í þeim, allar millivísanir skortir, og svo mætti lengi telja.

Um nokkurt skeið hefur verið unnt að tengjast tölvukerfi Orðabókar Háskólans um Internetið. Þannig hafa notendur um allan heim getað flett upp í hinni svokölluðu *ritmálsskrá* Orðabókarinnar. Þessi möguleiki hefur hins vegar lítið verið kynntur, enda hefur tölvukerfi stofnunarinnar ekki ráðið við að veita utanaðkomandi notendum mikla þjónustu. Nú hefur þó nokkuð ræst úr því, og þess vegna þótti óhætt að birta þessa kynningu í Skímu.

Með því að fletta upp í ritmálsskránni má sjá hvort tiltekið orð er að finna í aðalsafni Orðabókarinnar, og auk þess nokkrar upplýsingar um orðin; aldur elsta og yngsta dæmis, elsta heimild, fjöldi dæma (ef þau eru 5 eða færri) og orðgerð. Hins vegar er þar hvorki merkingarskýring né notkunardæmi, þannig að ekkert er hægt að ráða af ritmálsskránni um merkingu eða notkun orða.

Það hefur því um hríð verið mikið áhugamál stjórnar og starfsmanna Orðabókarinnar að tölvuvæða aðalseðlasafn stofnunarinnar, *ritmálssafnið*. Þar er hvert orð sýnt í því umhverfi sem það hefur í þeim texta sem dæmið er tekið úr. Oft skipta dæmi um hvert orð tugum eða jafnvel hundruðum. Þar má því sjá dæmi um margvísleg blæbrigði í notkun og merkingu orða, rekja merkingarbreytingar þeirra undanfarin 450 ár, athuga beygingarmyndir þeirra, o.s.frv.

Í fyrra sótti Orðabókin um styrk úr Lýðveldissjóði til að kosta innslátt á seðlasafninu, þar eð ljóst var að útilokað væri fyrir stofnunina að ráðast í verkið án verulegrar utanaðkomandi aðstoðar. Stjórn Lýðveldissjóðs brást vel við og veitti 18 milljón króna styrk, sem dreifist á þrjú ár (1995-97). Unnið hefur verið af fullum krafti við innslátt síðan í fyrravor, og miðar verkinu vel.

Þess er vænst að þegar styrktímabilinu lýkur verði meginhluti seðlasafnsins kominn á tölvutækt form, og þar með aðgengilegur á Internetinu. Við það verður bylting í aðgangi fræðimanna, skólafólks og alls almennings að söfnum Orðabókarinnar. Tölvueign er nú orðin almenn, og sífellt fleiri eignast mótald og tengjast tölvuneti Háskólans, Íslenska menntanetinu eða einhverju þeirra fyrirtækja sem bjóða almenningi og fyrirtækjum nettengingu. Allt bendir til þess að fyrir lok aldarinnar muni flestir sem þess óska eiga auðveldan og ódýran aðgang að alþjóðlegum tölvunetum, og geta nýtt sér þær upplýsingar sem þar er að finna.

Auðvelt er að sjá fyrir sér hvernig safnið getur komið að gagni í skólakerfinu. Unnt verður að leggja fyrir nemendur hvers kyns verkefni sem miðuðu að því að auðga orðaforða þeirra og auka þekkingu þeirra og skilning á málinu. Einnig gæti safnið nýst blaðamönnum, dagskrárgerðarmönnum, textagerðarmönnum á auglýsingastofum og ýmsum öðrum í daglegu starfi; auk þess rithöfundum, þeim sem þyrftu að semja ræður eða greinar, og fjölmörgum öðrum.

Í bili verða menn þó að láta sér nægja ritmálsskrána, með þeim takmörkuðu upplýsingum sem nefndar eru hér að framan; enn eru aðeins fá textadæmi tengd við skrána,

en þeim mun fjölga ört á næstunni. Hægt er að tengjast ritmálsskránni með *telnet*-sambandi frá UNIX-tölvu (eða PC-tölvum sem eru beintengdar við netið); þá er gefin skipunin *telnet rmal.lexis.hi.is*. Þegar kvaðningin "Innskráning" birtist er ritað *oh* og slegið á Enter, og síðan er notandinn leiddur áfram. Nánari leiðbeiningar má finna á heimasíðu Orðabókarinnar; <http://lexis.hi.is>. Ég vil hvetja móðurmálskennara og aðra lesendur til að kynna sér þá möguleika sem í boði eru.

Eiríkur Rögnvaldsson  
stjórnarformaður Orðabókarinnar